# 2002 nr. 9 18. febrúar
# Lög um áhugamannahnefaleika

**Tóku gildi 20. febrúar 2002.**

■ **1. gr.**

□ Heimil er keppni og sýning á áhugamannahnefaleikum. Enn fremur er heimilt að kenna áhugamannahnefaleika.

■ **2. gr.**

□ Heimil er sala og notkun hnefaleikahanska og annarra tækja sem ætluð eru til þjálfunar áhugamannahnefaleika.

■ **3. gr.**

□ Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands setur reglur um áhugamannahnefaleika. Við samningu reglnanna skal leitast við að taka mið af ýtrustu öryggisreglum í nágrannalöndum.

■ **4. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.